

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 16. júlí 2020
UST202003-245/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Hvalfjörður - Reglubundið eftirlit þann 26.6.2020

Þann 26. júní 2020 sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar í Hvalfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllt,

G. Stella Arnadóttir
Guðbjörg Stella Arnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Oliudreifing ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	26.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Oliudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Porkell Árnason	Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Einnig var farið yfir áhættumat ársins 2019 og nýtt áhættumat gert út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Ekki er um að ræða breytingu á milli ára.

Engin olía hafði verið geymd í stöðinni í nokkurn tíma, eða frá því í apríl 2018. Í apríl sl. komu olíufeni í stöðina og voru um 106.000 m³ af bensíni og olíufnum í stöðinni er eftirlit fór fram. Í stöðinni eru geymd olíufeni sem notuð eru við gerð eldsneytis (Alkalyte) sem og tilbúið bensín.

Engar breytingar á rekstri eru fyrirhugaðar en verið er að uppfæra slökkvibúnað stöðvarinnar. Dælustöð niður við bryggju, fyrir Miðsandsstöðina hefur verið aflögð og þess í stað var tekinn til notkunar ferskvatnsgeymir (merktur Ballastgeymir) sem staðsettur er við hlið stöðvarhúss á Miðsandi. Slökkvilið Akranes og Hvalfjarðarsveitar hefur fengið send aðgerðaplön fyrir oliubirgðastöðina og voru þau einnig afhent eftirlitsaðila. Litið var yfir flæðirit stöðvarinnar, sem staðsett er í stöðinni sem og kort af aðkomuleiðum og brunahönum. Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók og var litið yfir hana í stöðinni. Eftirliti með stöðinni er stýrt frá stöðinni í Örfirisey og er myndavélakerfi með hreyfiskynjurum tengt þangað. Vaktmaður kemur daglega og skoðar geyma, lagnir og annan búnað í stöðinni. Hæðarmælur í olíugeymum gegna hlutverki birgðaeftirlits. Skoðun á stöðinni vegna endurnýjunar á vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 fór fram nú í ár og hefur vottorð um gilda vottun til ársins 2023 verið send eftirlitsaðila.

Allir olíugeymar voru botnþykktarmælir árin 2016-2017, bæði í Litla-sands og Miðsandsstöð, alls 15 geymar. Skipt var um botn í geymi T0127 (#12) þar sem tæringarpyttir voru komnir niður fyrir 3 mm. Allar olíulagnir voru þrýstiprófaðar í september 2017 og voru í lagi.

Oliuskiljur eru þjónustaðar á minnst 6 mán fresti skv. starfsleyfi en ekkert olíuálag er á skiljunum þremur sem þjónusta stöðina á Litla-sandi. Í stöðinni á Miðsandi er gegnumstreymi grunnvatns í gegnum stöðina þar sem allmikill vatnsagi kemur undan hliðinni, en eru olíugeymarnir grafnir niður, inn í hliðina. Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Frárennslið safnast þá upp í þró sem rúmar innihald allra geyma stöðvarinnar á Miðsandi. Starfsmenn fá send sjálfvirk boð ef skynjar nema olíu í frárennsli. Oliuskynjarar eru þjónustaðir og prófaðir með reglulegu millibili. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr oliuskiljum skv. gr 4.3 í starfsleyfi en þar sem engin olía hefur verið í stöðinni á tímabilinu frá því í apríl 2018 og til apríl 2020 þá er ekki gerð krafa um sýnatökur á meðan stöðin er tóm. Rekstraraðili tók sýni úr oliuskiljum árið 2018 sem var innan viðmiðamarka. Þjónustuskráningar eru í rekstrarhandbók (mánaðarblöð) og engar ábendingar gerðar við þær skráningar.

Gufuendurnýtingarbúnaðar er í stöðinni og staðsettur á Litla-Sandi fyrir báðar stöðvarnar. Tölvuskjár sem stýrir búnaðinum er bilaður og beðið er eftir viðgerð á honum. Af þeim sökum þarf að handræsa búnaðinn reglulega og sjá umsjónarmenn stöðvarinnar um það. Tölvuskráningar sýna að meðalstyrkur gufu í útblæstri frá gufuendurnýtingarbúnaði er vel innan marka í reglugerð nr. 252/1999 (35 g / Nm³ / klst.) þegar búnaðurinn er í keyrslu en rekstraraðili hefur tekið saman skýrslu um áætlun um losun þess utan og sent til eftirlitsaðila. Gufurnar safnast fyrir í kerfinu á meðan slökkt er á því en við 2,6 mbar yfirþrýsting og 6 mbar undirþrýsting opnast yfirfallslokar á tönkunum og hleypa gufunum út. Skráningar á mælingum við inntak endurnýtingabúnaðarins sýna að ólíklegt sé að gufur hafi farið út um öndunarventla geyma stöðvarinnar, heldur einungis í gegnum gufusöfnunartækið og því er ekki sett fram frávik eða ábending varðandi þessa bilun.

Lítill sem engin úrgangur kemur frá stöðinni og er hann tekinn með til Reykjavíkur til förgunar, er aðalega um að ræða

úrgang frá kaffistofu starfsmanna. Við stærri verk er gerð áætlun um úrgangsmál og reynt að endurnýta efni eftir bestu getu.

Ekið var um báðar stöðvarnar, girðingar skoðaðar og stóðu hlið læst við komu. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Því er mikilvægt að katóðukerfinu sé vel viðhaldið. Endurnýjun katóðutæringarvarna er nú lokið.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu

ANNAÐ

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Farið var yfir tilkynningar vegna mengunaróhappa og voru leiðbeiningar þess efnis sendar rekstraraðila með fundarboðinu.


Minnt er á að endurskoða skal Áhættumat og viðbragðsáætlun á a.m.k. fjögurra ára fresti.

Viðstödd eftirlitið voru fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Ása Hólmarsdóttir og Árni Gunnarsson.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 16.07.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir